

# Hækkun á persónuafslætti áformuð frá og með 1. apríl 2000.

Samkvæmt frumvarpi til laga sem fjármálaráðherra hefur nú lagt fram á Alþingi er áformað að hækka persónuafslátt í staðgreiðslu um 2,5% frá 1. apríl 2000.

Frumvarpið er ekki orðið að lögum, en verði svo kemur eftirfarandi til framkvæmda á launatímabilum eftir 1. apríl nk.

## Persónuafsláttur verður:

Ef launatímabil er einn mánuður	kr.	24.510
Ef launatímabil er hálfur mánuður	kr.	12.255
Ef launatímabil er fjórtán dagar	kr.	11.250
Ef launatímabil er ein vika	kr.	5.625

Ef launatímabil er annað en að framan greinir ætti að ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

$$\frac{\text{Kr. } 294.118}{366} \times \text{dagafjöldi launatímabilsins}$$

Ríkisskattstjóri mun auglýsa breyttan persónuafslátt um leið og hann hefur verið lögfestur. Launagreiðendur eru hvattir til að fylgjast með framvindu málsins og auglýsingum ríkisskattstjóra og gera svo fljótt sem unnt er breytingar á persónuafslætti í samræmi við lögin og leiðréttingu á persónuafslætti hafi laun fyrir tímabil eftir 1. apríl 2000 þegar verið greidd.